



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### **Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um bíla- og hjólastefnu Reykjavíkurborgar**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 19. október sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Nú hefur Reykjavíkurborg sett fram bíla- og hjólastefnu Reykjavíkurborgar þar sem að miðað er við 1 bílastæði á hverja 75m<sup>2</sup> af skrifstofuhúsnæði. Líklega komast um 4 - 5 starfsmenn fyrir í slíku skrifstofuhúsnæði. Þetta er að sjálfsögðu lofsvert umhverfislega séð. Flokkur fólksins hefur áhuga á að vita hvernig þessi stefna virkar þar sem að ljóst er að bílastæðum er fækkað og fáir geta mætt í vinnu á bílum. Því spyr Flokkur fólksins hvernig til hefur tekist, hversu margir lóðahafar hafa sett sér þessa reglu og hver er reynsla þeirra, sem tekið hafa upp þessa stefnu. Fullnægir þessi fjöldi bílastæða þörfum húsnæðisins?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 16. nóvember sl.

Svar:

Bíla- og hjólastæðastefna borgarinnar er notuð sem viðmið í öllum deiliskipulagsáætlunum sem er unnið með og auglýst af borginni.

Ekki hefur verið gert sérstakt mat á því hvort að bílastæðin séu að anna eftirspurn en ekki hafa borist sérstakar ábendingar um að ekki sé nóg af stæðum. Ekki eru til tölur um hversu margir lóðahafar hafa sérstaklega sett sér samgöngustefnu. Bílastæðastefna borgarinnar kveður einnig á um að bifreiðastæði skuli vera samnýtt af íbúum og starfsmönnum þar sem það á við. Bifreiðastæðum hefur fjölgað á þeim svæðum þar sem helsta uppbygging skrifstofuhúsnæðis hefur átt sér stað á síðustu áratugum s.s. í Borgartúni og í nágrenni við Hörpu.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint umsögnin berst.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
samgöngustjóri